

## GJALDSKRÁ fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 20,00.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjaldið til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 5 300,00 á ári.

Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1 mæli eða 1 hemil) er greitt fast mánaðargjald, sem fer eftir stærð mælis eða hemils sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a) fyrir mæli eða hemil allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 180,00 |
| b) fyrir mæli eða hemil 1"—2" .....                   | kr. 390,00 |
| c) fyrir mæli eða hemil 3" og stærrí .....            | kr. 780,00 |

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur er selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 530,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Stofngjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m <sup>3</sup>	Stofngjald		
Allt að 400	55 400,00		
400— 2 000	55 400,00	fyrir	400 m <sup>3</sup> + 46,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2 000— 6 000	129 000,00	fyrir	2 000 m <sup>3</sup> + 39,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6 000—10 000	285 000,00	fyrir	6 000 m <sup>3</sup> + 34,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10 000	421 000,00	fyrir	10 000 m <sup>3</sup> + 30,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal greiða kr. 6 800,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

## 9. gr.

Nú er tengingu húss lokið og er þá stofngjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1 000,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1986, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 463 20. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 50 30. janúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,92 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 13,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en íbúðarhúsnæðis, skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,48 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 13,30.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti til þeirra er nota meir en 400 000 kWh/ári.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,18 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 10,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 68,90.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 1 330,00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúíð.